



# ÁVARP VIÐ SKÓLASLIT

Víkurskóli  
29. maí 2026

Elín Einarsdóttir skólastjóri

Kæru nemendur, foreldrar, samstarfsfólk og aðrir góðir gestir,

Það er kannski aldrei mikilvægara en einmitt á okkar tímum að við höldum í hefðir, okkur líður líka vel að eiga fasta punkta í lífinu. Við eigum nokkrar mikilvægar hefðir í Víkurskóla og ein er sú að við komum öll saman á síðasta skóladegi nemenda og ljúkum skólastarfinu í sameiningu. Nemendur, fjölskyldur, velunnarar skólans og starfsmenn. Þennan viðburð köllum við skólaslit – dagur sem markar tímamót, ekki aðeins í dagatalinu, heldur í lífi og starfi okkar allra. Skólaárinu sem nú lýkur vil ég minnast sem lifandi, lærdómsríku, fjölbreyttu og að mínu mati afar metnaðarfullu. Við höfum tekist á við áskoranir, gleðistundir en líka sorg og erfiða daga.

Við erum lítill skóli – en við hugsum stórt og leggjum okkur fram um að gera skólagöngu nemenda okkar eins góða og best gerist.

Við í Víkurskóla höfum lengi lagt áherslu á að gæði skólastarfs mælist ekki í fermetrum eða nemendafjölda – heldur í viðhorfum, vinnubrögðum og þeirri trú að menntun skiptir máli. Við trúum því að með góðu samstarfi, skýrri sýn og einlægum vilja getum við veitt nemendum öflugt, fjölbreytt og innihaldsríkt skólastarf – og við höfum sannað það.

Eins og þið vitið hefur samræmt námsmat á landsvísu að mestu legið niðri síðustu ár ef frá er talin Lesfimi. En á þessu skólaári fengum við fyrstu niðurstöður í samræmdu námsmati á landsvísu sem nefnist

Matsferill. Í honum eru nemendur prófaðir í lesskilningi og stærðfræði. Fyrirlagningin er skyldubundin í 4.-6. og 9. bekk. Við tókum þá ákvörðun að leggja prófin fyrir alla bekki frá 4. bekk og upp úr reyndar eins og þorri grunnskóla gerði. Ég er þeirrar skoðunar að það sé afar mikilvægt að við fáum slíkar mælingar til að geta borið okkur saman við gengi almennt á landsvísu. Þar sem við erum fámennur skóli er ekki hægt að fjalla um okkar niðurstöður nema almennt. Ég get þó sagt að niðurstöðurnar eru heilt yfir jákvæðar og alveg ljóst að okkar nemendur standa öðrum síst að baki. Framundan er vinna við að rýna niðurstöður frekar og grípa til aðgerða þar sem þess gerist þörf. Eins og fram kom í foreldrapósti í vikunni munu niðurstöður verða aðgengilegar fyrir hvern og einn nemanda inn á island.is frá og með mánudegi. Að öðru leyti vísa ég til bréfs sem skólinn sendi sl. mánudag.

Síðastliðið haust hófst frumhönnun að viðbyggingu við Víkurskóla og breytingum á innra skipulagi skólans. Hönnunarvinnan er skammt á veg komin en nokkrar spennandi tillögur liggja fyrir, sem vonandi verður farið í frekari útfærslu á strax í haust. Þrátt fyrir að við séum fámennur skóli þá þurfum við að uppfæra okkar skólaumgjörð og bjóða okkar nemendum upp á bestu námsaðstæður. Í dag vantar upp á það. Í mínum huga er ekki óeðlilegt að byggt sé nýtt skólahúsnaði einu sinni á öld. Núverandi skóli er í grunninn frá árinu 1976 og við erum komin aldarfjórðung inn á 21. öldina. Það hefur ríkt gott traust á milli sveitarstjórnar, fjölskyldu, frístunda og menningarráðs um þetta verkefni og ég er sannfærð um að á því verði framhald. Ég hvet ykkur til að fylgjast með þessu ferli og hafa á því skoðanir.

Í sumar fær bókasafn skólans andlitslyftingu, það verður málað í hólfi og gólf, lagt nýtt gólfefni keypt ný hillukerfi og húsgögn að hluta. Bókasafnið er hjartað í skólanum og við getum bara ekki beðið lengur með að gera það fallegra fyrir nemendur, þegar viðbyggingin rís þá verður þar eitt öflugt bókasafn sem þjónar samfélaginu og skólanum. Þessi nýi búnaður mun að sjálfsögðu nýtast þar líka. Fyrir því var hugsað. Ég vil koma á framfæri þakklæti til hennar Lisu okkar en hennar

sérfræðilækning sem bókasafnsfræðingur er ómetanleg og við erum afskaplega þakklát fyrir að njóta hennar krafta áfram.

Ég hef starfað í grunnskóla í 30 ár og þar af við þennan skóla í 27 ár. Fyrsta kennslustundin sem ég stýrði við þennan skóla var hjá árgangi nemenda fæddum 1984, frábærir krakkar eins og allir þeir sem ég hef kynnst á þessum langa tíma. Þeirra leiðir liggja víða, sum hafa haldið tryggð við heimabyggðina en önnur hafa fest sína búsetu annars staðar hér á landi eða í öðrum löndum. Manni hlýnar alltaf um hjartaræturnar að rekast á gamla nemendur. Skólastarf hefur breyst mikið á 30 árum. Mjög margt til góðs en annað sem kannski hefur ekki þróast eins vel, við gerum mistök í skólakerfinu eins og gerist líka annars staðar. En það sem skiptir mestu máli er að horfast í augu við mistökin, læra af þeim og gera betur.

Ég hlustaði á dögnum á mjög áhugavert málþing á vegum Íslenskrar málnefndar um námsorðaforða og læsi. Þar voru kynntar nýjar rannsóknir á þessu sviði. Þeim ber saman um að orðaforði nemenda gefur meira og meira eftir og hann verður sífellt einfaldari. Orðaforða tungumálsins er gjarnan skipt upp í 3 þrep. Niðurstöður sýna að orðaforði nemenda í íslenskum skólum á 2 þrepi hefur hrakað mjög en hann er forsenda þess að nemendur geti skilið orðaforða sem tilheyrir 3 þrepi. Ég get alveg staðfest að þetta er mín upplifun á orðaforða nemenda í dag eða þeim sem ég kynntist fyrst árið 1996. Við þessu þurfa skólinn, heimilin og samfélagið að bregðast. Við verðum að snúa þessari þróun við. Við ætlum að leggja okkar lóð á vogarskálarnar í þessari menntastofnun og við treystum á ykkur foreldrar að minnka skjátíma barna verulega, kenna þeim ný orð, útskýra fyrir þeim orð og hvetja þau til að lesa og hlusta og vera jafnframt góðar fyrirmyndir í þessum efnum. Við ykkur krakkar segi ég verið dugleg að lesa alls konar texta og það sem skiptir máli að þið spyrjið þegar þið rekist á orð og hugtök sem þið skiljið ekki, að spyrja þá einhvern fullorðinn. Þannig öðlist þið ný orð í orðabankann ykkar. Þannig verður tungumálið ykkar öflugra.

Tungumálið er það sem að mótar hugsun okkar og ef við eigum ekki orð yfir þær þá eigum við færri tækifæri.

Ég gæti sagt margt um skólastarfið í vetur en það yrði bara of langt mál við þetta tækifæri. Kennarar skólans, leyfi ég mér að segja, eru ótrúlega hugmyndaríkir og snjallir í að gera nám barnanna innihaldsríkt og fjölbreytt. Þeim við hlið vinnur öflugt teymi í stoðþjónustu og stuðningsfulltrúar. Saman vinna þessir hópar frábært starf. Við höfum einnig haldið áfram að efla útinám og heilsueflandi skólastarf – þar sem náttúran sjálf verður kennslustofa, hreyfing, næring og vellíðan eru samofin daglegu skólastarfi. Þetta eru ekki aukaverkefni – heldur grundvöllur að góðum skóladegi. Börn sem fá að hreyfa sig, anda að sér fersku lofti og læra í fjölbreyttu umhverfi – þau þrífast. Við sjáum það á gleðinni, áhuganum og einbeitingunni sem fylgir því að kenna og læra utan veggja skólans.

Það sem einkennir skólastarfið – frá náttúruvísindum við sjóinn, til listsköpunar á sviði, frá leiðsagnarnámi til alþjóðlegs samstarfs – er metnaður. Við setjum markið hátt, ekki til að sýnast, heldur til að þroskast. Við viljum veita nemendum ekki bara fræðslu, heldur framtíðarfærni. Við viljum ala upp nemendur sem eru meðvituð um sig sjálf, samfélag sitt og heiminn. Börn sem verða meðvitaðir og ábyrgir alheimsborgarar.

Mig langar við þetta tækifæri að þakka Tónskóla Mýrdælinga og Leikskólanum Mánalandi fyrir gott og traust samstarf. Við höfum þegar óskað eftir áframhaldandi samstarfi við skólann og bíðum spennt eftir að nýr stjórnandi taki þar við. Mig langar að þakka Jóhannesi hjá Kötlu Geopark fyrir frábært samstarf og því er líka hvergi nærri lokið og við Jóhannes höfum lagt grunn að frekara samstarfi á komandi skólaári. Ég vil þakka Ársæli Guðlaugssyni í Framrás og leikskólanum Mánalandi fyrir að bjóða nemendum í starfsnám. Síðast en ekki síst vil ég færa Brian Haroldssyni miklar þakkir fyrir framlag til tónlistarflutnings við Víkurskóla í vetur.

Mínar bestu þakkir fær líka starfsfólk skrifstofu Mýrdalshrepps fyrir gott samstarf, matráði Hjallatúns honum Zolt, að ógleymdum öðlingunum í áhaldahúsi Mýrdalshrepps sem gera allt fyrir okkur. Mig langar líka að þakka sérstaklega skólabílstjóranum okkar Inga Má Björnssyni fyrir mikilvægt og traust starf og endalausa þolinmæði við okkur og börnin.

Þá eru ótaldir allir þeir sem hafa greitt götu okkar, fengið okkur í heimsókn, komið í heimsókn, lánað okkur sitthvað og svo mætti lengi telja. Séra Jóhanna Magnúsdóttir hefur lagt okkur lið á skólaárinu. Margrét á Hótel Dyrhólaey færði nemendafélaginu poppvél sem vakti mikla lukku hjá krökkunum. Anna Huld á Hótel Kötlu tók að sér að hýsa upplestrarkeppni skólanna í Rangárvalla-og Vestur Skaftafellssýslu auk Vestmannaeyja, Víkurskóla að kostnaðarlaus. Ég er eflaust að gleyma einhverjum. Velunnarar Víkurskóla eru margir og fyrir það erum við þakklát.

Alveg á sama hátt og tilhlökkun byggist upp þegar nýtt skólaár er í uppsiglingu þá magnast líka spennan þegar skólalok nálgast. Þegar skólastarfi Víkurskóla þetta skólaár er að ljúka eru 62 nemendur í skólanum.

Við útskrifum að þessu sinni 3 nemendur úr 10 bekk og 4 nemendur í öðrum árgöngum hverfa á braut. Við óskum þeim allra heilla.

Við skólaslit er líka kveðjustund. Að þessu lätur einn af okkar traustu kennurum af störfum við skólann, Sif Hauksdóttir. Sif á farsælan kennsluferil við skólann. Hún kenndi um árabíl í upphafi aldarinnar og kom svo til okkar aftur fyrir nokkrum árum. Sif hefur í sínu starfi sem kennari hér og annars staðar, sem umsjónarkennari, sérkennari og skólastjórnandi verið afar dugleg að afla sér menntunar og má segja að hennar ferill einkennist af þekkingarleit og áhuga á að prófa nýjar leiðir og aðferðir til hagsbóta fyrir nemendur. Sif er gríðarlega metnaðarfull og reynir allt til þess að nálgast nemendur sína á þeirra forsendum og að þeir nái sínum besta árangri. Sif segir gjarnan í þessa veruna „allt dafnar sem að er hlúð“

Sif hefur stýrt árshátíðarverkefni skólans nú síðustu árin með miklum sóma og glæsibrag. Nemendur leita mikið til hennar og þeirra bíður ávallt opin faðmur. Þótt við eigum kveðjustund með henni í dag er samt ekki loku fyrir það skotið að hún muni verða okkur innan handar áfram.

Mig langar að biðja Sif að koma hérna upp og veita viðtöku táknrænum þakklætisvotti fyrir hennar farsæla starf.

Kæru 10. bekkingar!

Framtíðin er ykkar og ég hvet ykkur til að vera þrautseigir þegar í framhaldsskólann er komið. Við munum sannarlega sakna ykkar. Í 10 ár hefur þú Andri Berg verið hluti af samfélagi Víkurskóla og varðst svo heppinn að fá þá Óliver og Sigurgeir með þér í árganginn þegar leið á skólagönguna, Þið Óliver og Sigurgeir Máni tókuð vel heima hjá okkur og allir hafið þið þrír vaxið hér og dafnað sem einstaklingar. Þið hafið sýnt það og sannað að þið eruð tilbúnir í næstu skref. Við munum auðvitað fylgjast með ykkur úr fjarlægð og við erum alltaf mjög glöð þegar við fáum ykkur í heimsókn eða rekumst á ykkur á förnum vegi. Við vonum að grunnskólinn ykkar, Víkurskóli, eigi sinn stað í ykkar hjarta og þið minnist hans með gleði og að sú grunnmenntun sem þið hafið fengið hjá okkur verði ykkur að gagni í framtíðinni. Við hvetjum ykkur til að verða ábyrgir borgarar, hugsa vel um ykkur í víðum skilningi og ekki síst taka ábyrgð í samfélaginu til framtíðar.

Við þessa útskrift færir skólinn ykkur birkiplöntur að gjöf, og að venju vitna ég til fyrri ávarpa minna við skólaslit!

Kæru útskriftarnemendur! Birki er ótrúlega þrautseig íslensk planta sem er ein af einkennisplöntum okkar lands og búin að vera hér um árþúsunda skeið. Verið eins og birkið þrautseigir í lífinu. Lífið er nefninlega þannig að stundum er ársvöxturinn mikill og stundum er hann hægari. En það sem gildir er að sýna seiglu og halda áfram. Tækifærin eru út um allt það þarf bara að grípa þau. Að hika er sama og að tapa. Ég bið ykkur um að finna birkiplöntunni ykkar góðan stað, og mig langar að gera orð Hafsteins Sævars Hafliðasonar

garðyrkjumeistara þegar hann var spurður af útskriftarnema hvað hann ætti eiginlega að gera við svona plöntu. Hafsteinn sagði: Farðu með tréð í einhvern skógarlund nærri þér og gróðursettu það þar. Settu á þig staðsetninguna og farðu svo árlega eða oftár og vitjaðu þess – til að eiga kyrrláta stund og rifja upp góðar minningar. Þannig að ég hvet ykkur strákar til að fara að ráðum Hafsteins, hlúa að plöntunni svo hún vaxi og dafni eins og þið munið gera á ykkar lífsgöngu.

Enn og aftur þakka ég öllum þeim sem gera skólastarf Víkurskóla að veruleika.

Kennurum og öðru starfsfólki fyrir fagmennsku, metnað og hlýju.

Foreldrum og forráðamönnum fyrir gott og traust samstarf.

Og síðast en ekki síst: ykkur, kærur nemendur, fyrir að mæta, spyrja, hlæja, læra og vaxa.

Þið eruð kjarni alls sem við gerum. Þið eruð ástæða þess að við leggjum okkur fram. Þið eruð ekki aðeins framtíðin – þið eruð líka nútíðin.

Nú tekur við sumar – með sól (vonandi), hvíld, leikjum, fjölskyldu og vinum. Megi það verða ykkur öllum kærkomið og gefandi. Skóladaatal næsta skólaárs er að finna á heimasíðu Víkurskóla.

Takk fyrir veturinn. Takk fyrir traustið. Takk fyrir að vera hluti af þessu hlýja, metnaðarfulla og trausta skólasamfélagi.

Víkurskóla er slitið. Njótið sumarsins.